

124

14. sept.

## AUGLÝSING

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum fyrir tíma-  
bilið frá 1. ágúst 1946 til 31. des. 1946.

- I. Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Siglufjarðar-  
kaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Vestmannaeyjakaupstaður og Hafnar-  
fjarðarkaupstaðar:

Til fulls	4 ára	aldurs	kr.	680.00
—	—	7	—	570.00
—	—	15	—	680.00
—	—	16	—	340.00

- II. Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og  
Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandar-  
sýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla, Vestur-  
Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla,  
Norður-Þingeyjarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla, Norður-Múlasýsla, Suður-Múla-  
sýsla, Austur-Skaftafellssýsla, Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla, Árnes-  
sýsla, Ólafsfjarðarkaupstaður, Seyðisfjarðarkaupstaður og Neskaupstaður.

Til fulls	4 ára	aldurs	kr.	570.00
—	—	7	—	465.00
—	—	15	—	570.00
—	—	16	—	285.00

Á meðgjöf þessa skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt visitölu eins og hún  
verður hvern mánuð á tímabilinu 1. ágúst 1946 til 31. des. 1946. Verðlagsuppbótin  
greiðist mánaðarlega eftir á.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. september 1946.*

**Finnur Jónsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

125

19. sept.

## GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðarkaupstaðar.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir:

1. Gjald af íbúðarhúsum, verzlunarhúsum o. þ. h.:

a. Af húsum virtum að fasteignamati allt að .....	kr. 3000.00, 15 %
b. Af næstu .....	— 4000.00, 10 —
c. Af því, sem þar er fram yfir .....	— 8 —
d. Minnsta gjald sé .....	— 50.00 á hús.

2. Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna  
atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald eftir samkomulagi við bæjar-  
stjórn. Sömulæðis fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, sláturhús, baðhús, þvottahús,  
iðnaðarfyrirtæki og til hvernar annarrar slíkrar notkunar. Náist ekki samkomu-  
lag um upphæð gjaldsins, er heimilt að innheimta það eftir mæli, sem hér  
segir:

Af fyrstu 500 smál. sé greitt kr. 0.50 af hverri smál.

Af næstu 500 smál. sé greitt — 0.25 af hverri smál.

Af hverri smál. af því, sem þar er fram yfir, greiðist kr. 0.10 af smál.

3. Gjald af búfé:

- |  |                    |
|--|--------------------|
| a. Af hverjum nautgrip .....           | kr. 10.00          |
| b. Af hverjum hesti .....              | — 5.00             |
| c. Af hverri sauðkind .....            | — 0.50             |
| 4. Fyrir vatn til fiskþvottar .....    | — 0.50 á skipfund. |
| 5. Fyrir vatn til síldarsöltunar ..... | — 0.15 á tunnu.    |
| 6. Fyrir vatn til skipa .....          | — 6.00 á smálest.  |
| 7. Trillubátar greiði .....            | — 10.00 á ári.     |

Gjaldldagi vatnsskattsins sé 1. október ár hvert. Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu skattsins og má taka hann lögtaki. Er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár frá gjaldldaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 45 10. júní 1938, fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðar, og síðari breytingar á henni.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. september 1946.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar frá 14. júní 1930.

126

23. sept.

5. liður gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu kr. 3.00 fyrir hverja smálest vatns, þó eigi minna í hvert skipti en kr. 20.00 fyrir skip minni en 50 smálesta og kr. 40.00 fyrir stærri skip. Bæjarstjórn getur, fyrir eitt ár í senn eða skemmri tíma, gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjöld eða mánaðargjöld af þeim. Þegar vatn er afgreitt í eftirvinnu, næturvinnu eða helgidagavinnu, greiðir kaupandi auk þess afgreiðslumanni vatnsveitunnar laun samkvæmt kauptaxta verkamannafélagsins á staðnum fyrir þann tíma, sem afgreiðslan tekur.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. september 1946.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*